

Sérúrræði í prófum

1 ALMENNT

Þessi vinnulýsing lýsir þeim sérúrræðum og viðbrögðum sem grípa skal til í prófahaldi, skv. VR-0004 Námsmat og færsla einkunna.

2 FRAMKVÆMD

2.1 PRÓF Í PRÓFTÖFLU

1. Ef nemandi mætir innan við 30 mínútum eftir að próf hefst, er honum heimil próftaka. Komi nemandi of seint til prófs skal hann ganga hljóðlega til sætis. Nemandi sem kemur of seint fær ekki framlengingu á próftíma.
2. Nemandi getur ekki hafið próf í auglýstri prófstofu eftir að 30 mínútur eru liðnar af próftíma og ber að hafa samband við prófstjóra um framhaldið.
3. Þurfi nemandi að fara fram áður en hann hefur skilað úrlausn er það einungis heimilt ef honum er fylgt. Það er skráð á mætingarlista með tímasetningu.
4. Veikist nemandi í prófi ber honum að vekja athygli kennara í yfirsetu sem skrifar athugasemd um það á prófúrlausn nemandans og kallar til prófstjóra eða náms- og starfsráðgjafa. Ef um augljós veikindi er að ræða, er nemandinn skráður í sjúkrapróf.
5. Ef nemandi er ekki mættur í upphafi prófs, er prófstjóra ekki skylt að hringja í viðkomandi en getur gert það ef honum finnst ástæða til. Skrifstofan heldur skrá yfir þá sem hafa tilkynnt sig fjarverandi.

2.2 SJÚKRAPRÓF

1. Nemendur skulu tilkynna skrifstofu um veikindi sín áður en próf hefjast dag hvern. Þá verður nemandinn skráður í sjúkrapróf sbr. HB-0002 Reglur um prófahald. Listi yfir veikindi nemenda er vistaður á Skjalasafni.
2. Sjúkrapróf eru haldin á auglýstum tíma. Heimilt er að halda sjúkrapróf á öðrum tíma ef þurfa þykir.
3. Ef nemandi er veikur í sjúkraprófi skal hann tilkynna það eins fljótt og unnt er. Þá er nýr tími fundinn fyrir sjúkrapróf í samráði við kennara. Einnig geta komið upp tilvik þar sem sjúkraprófi nemanda er frestað.
4. Nemanda sem á í alvarlegum veikindum á prófatíma og getur af þeim orsökum hvorki sótt próf eða sjúkrapróf á auglýstum tíma er hægt að prófa utan þess tíma. Kennari má meta nemanda án lokaprófs, að höfðu samráði við náms- og starfsráðgjafa og prófstjóra, hafi nemandinn sótt kennslu meginhluta annarinnar, mætt vel, skilað verkefnum og sýnt góðan

Sérúrræði í prófum

- námsárangur, enda séu allar líkur á að nemandinn nái viðkomandi áfanga á lokaprófi með góðri einkunn. Við slíkt mat skal að öllu jöfnu gefin einkunn í tölum ef það er hægt, annars L/F.
5. Nemandi í sjúkraprófi heldur öllum rétti sínum sem hann hafði í aðalprófi.

2.3 ENDURTÖKUPRÓF

1. Nemandi sem hefur hlotið lokaeinkunn undir lágmarki hefur heimild til að endurtaka námsmat/próf í þeim áfanga, að hámarki í þremur áföngum á skólaárinu.
2. Nemandi sem fellur í þremur áföngum á skólaári er skráður í sveigjanleg námslok og þarf að gera ráð fyrir að lengja námstíma sinn til stúdentsprófs.
3. Nemandi í endurtökuprófi heldur öllum rétti sínum sem hann hafði í aðalprófi.
4. Í undantekningartilvikum er hægt, með samkomulagi kennara og prófstjóra, að leyfa endurtökupróf þar sem vetrareinkunn er felld úr gildi (100% próf).
5. Nemandi sem tekur endurtökupróf greiðir fyrir það samkvæmt gjaldskrá skólans.

2.4 PRÓF TEKIN Í ÖÐRUM SKÓLUM EÐA STOFNUM

1. Að jafnaði skulu öll próf vera þeytt í MA. Í undantekningartilvikum er mögulegt að sækja um annað. Prófstjóri metur slíkar beiðnir í samráði við náms- og starfsráðgjafa.
2. Nemandinn greiðir allan þann kostnað sem til fellur hjá viðkomandi skóla eða stofnun.
3. Nemandi sem tekur próf í öðrum skóla heldur þeim rétti sínum sem hann hafði í aðalprófi og hægt er að verða við á prófstað. Hann hefur ekki aðgang að kennara og ekki er hægt að tryggja að hægt sé að verða við beiðnum um sérúrræði á borð við litaðan pappír eða upplestur á prófi.

2.5 PRÓF FRÁ ÖÐRUM SKÓLUM TEKIN Í MA

1. Nemendur í öðrum skólum geta fengið að taka próf í MA. Farið er eftir reglum viðkomandi skóla eins og hægt er. Prófstjóri sér um framkvæmd prófanna. Tekið er gjald samkvæmt gjaldskrá skólans.

2.6 PRÓFTAKA UTAN PRÓFATÍMA

1. Skólinn getur heimilað próftöku hjá einstaka nemanda eða hópum utan auglýsts próftíma. Nánara skipulag er í höndum prófstjóra og viðkomandi kennara. Nemandi sem tekur próf utan prófatíma greiðir fyrir það samkvæmt gjaldskrá skólans nema lögmætar ástæður séu fyrir niðurfellingu gjalda.

2.7 PRÓFTÖKURÉTTUR ÁN SETU Í ÁFANGA

1. Einstaklingur, hvort sem hann er skráður nemandi skólans eða ekki, getur sótt um próftökurétt í einstaka áfanga til prófstjóra. Þá tekur viðkomandi próf í áfanganum og gildir

Sérúrræði í prófum

einkunn í prófinu sem lokaekunn. Skilyrði fyrir próftökurétti er að hægt sé að búa til 100% próf sem spanni allan áfangann. Áður en beiðnin er samþykkt þarf kennari í greininni að samþykkja próftökuréttinn og taka að sér að annast próftökuna. Þá greiðir próftaki fyrir prófið eftir gjaldskrá skólans. Sé nemandinn ekki skráður í MA greiðir hann auk þess innritunargjald.

2. Greiðsla fyrir próftökurétt fer eftir hvort búa þarf til sérstakt próf eða hvort próf sem haldið er í áfanganum geti vegið 100%. Ef hægt er að nota próf sem lagt er fyrir á sama tíma, er greitt endurtökuprófagjald skv. gjaldskrá skólans. Ef búa þarf til sérstakt próf, er greitt fyrir það samkvæmt kjarasamningi KÍ.

2.8 ÚRRÆÐI FYRIR NEMENDUR MEÐ SÉRTÆKA NÁMSÖRÐUGLEIKA EÐA AÐRAR HAMLANIR

1. Til að óska eftir sérúrræði í prófum þarf að skila inn greiningu eða vottorði frá sérfræðingi til náms- og starfsráðgjafa.
2. Úrræðin geta verið með ýmsum hætti eftir því hverjir námsörðugleikarnir eru eða hvaða hamlanir, t.d. hljóðskrá, litaður pappír, munnleg viðbót (liður 2.10), munnlegt próf (liður 2.9) og próftaka í fárými. Nemandi sækir um hjá náms- og starfsráðgjafa á auglýstum umsóknartíma.
3. Nemandi sækir um úrræði í gegnum Innu að undangengnu viðtali hjá náms- og starfsráðgjafa. Þar eru tilgreindir þeir áfangar sem óskað er eftir sérúrræðum í.
4. Kennarar skoða í Innu hvort nemendur í þeirra áföngum þurfi á sérúrræðum að halda.

2.9 MUNNLEG LOKAPRÓF

1. Nemandi með lestrarörðugleika eða aðrar hamlanir sem gera honum afar erfitt að skila sinni þekkingu skriflega getur sótt um munnlegt lokapróf. Nemandi sækir um úrræði í gegnum Innu að undangengnu viðtali hjá náms- og starfsráðgjafa. Ákvörðunin skal tekin í samráði við viðkomandi kennara.
2. Annar kennari skal vera viðstaddur í prófinu ef þess er kostur, helst kennari í sömu grein. Þessi kennari skal gæta þess að prófunin sé hlutlæg og í samræmi við þessar reglur.
3. Prófkennari sem fær beiðni um munnlegt lokapróf skal að öllu jöfnu sjálfur annast próftökuna en getur beðið annan kennara í sömu námsgrein að annast framkvæmd munnlega prófsins.
4. Munnlegt lokapróf fer fram utan próftíma skriflega lokaprófsins í áfanganum, prófkennari velur tímann í samráði við viðkomandi nemanda og velur sér aðstoðarkennara í samráði við prófstjóra. Munnlegt lokapróf skal aldrei taka lengri tíma en viðkomandi nemandi hefði fengið í skriflegu lokaprófi.
5. Kennarinn sem heldur prófið ber upp eða leggur fram spurningar. Prófkennarinn eða aðstoðarkennarinn skrifar niður svör nemandans eða skráir mat á einstökum námsþáttum kerfisbundið.

Sérúrræði í prófum

2.10 MUNNLEG VIÐBÓT VIÐ SKRIFLEG LOKAPRÓF

1. Nemandi með lestrarörðugleika eða aðrar hamlanir sem gera honum erfitt um vik að skila sinni þekkingu skriflega getur sótt um munnlega viðbót við skriflegt lokapróf. Nemandi sækir um úrræði í gegnum Innu að undangengnu viðtali hjá náms- og starfsráðgjafa. Prófstjóri tekur ákvörðun um munnlega viðbót í samráði við viðkomandi kennara.
2. Annar kennari skal vera viðstaddur í prófinu ef þess er kostur, helst kennari í sömu grein. Þessi kennari skal gæta þess að prófunin sé hlutlæg og í samræmi við þessar reglur.
3. Prófkennari sem fær beiðni um munnlega viðbót skal að öllu jöfnu sjálfur annast próftökuna en getur beiðið annan kennara í sömu grein að annast framkvæmdina.
4. Munnleg viðbót fer fram undir lok eða að afloknu skriflegu lokaprófi eftir ákvörðun viðkomandi prófkennara. Prófkennari velur sér aðstoðarkennara í samráði við prófstjóra.
5. Nemandinn má ekki yfirgefa prófstofu fyrir en honum er fylgt í munnlega viðbót og skal prófkennari vekja athygli yfirsetukennara á því. Ef prófkennari er með fleiri en einn nemanda í munnlegri viðbót skal prófstjóri tryggja yfirsetu yfir þeim nemendum sem bíða að afloknum venjulegum próftíma. Prófkennari lætur prófstjóra vita um leið og beiðnir um munnlega viðbót liggja fyrir.
6. Nemandinn velur í samráði við prófkennara hvaða þáttur eða þættir prófsins verða teknir fyrir eftir því sem hægt er. Prófkennarinn les spurningarnar/verkefnið, umorðar eða hlutar spurningar niður eftir því sem við á. Ekki má skipta um spurningu eða efnisatriði. Prófkennarinn eða aðstoðarkennarinn skrifar niður svör nemandans.

2.11 INNLESTUR Á PRÓFI

1. Nemandi með greinda lestrarörðugleika eða aðrar hamlanir getur sótt um upplestur á prófi. Nemandi sækir um úrræði í gegnum Innu að undangengnu viðtali hjá náms- og starfsráðgjafa.
2. Kennarinn les prófið inn og setur á sameiginlegt svæði kennara og náms- og starfsráðgjafa undir 2.3.5.1 Upplestur prófa.
3. Náms- og starfsráðgjafi sér um að koma hljóðskrá til nemenda.

3 TILVÍSANIR

VR-0004 Námsmat og færsla einkunna

HB-0002 Reglur um prófahald

Listi yfir veikindi nemenda, vistaður á skjalasafni

Hljóðskrár með upplestri prófa, vistaðar undir 2.3.5.1 Upplestur prófa á skjalasafni

Gjaldskrár Menntaskólans á Akureyri, birtar á heimasíðu skólans